

Fyrsti svæðisnefndarfundur GSA-samtakanna á Íslandi - 16. maí 2015 kl. 13:00-14:25. Styttri fundargerð.

Mættir: Fimm deildar – eða varadeildarfulltrúar, tveir frá sömu deild svo 4 með atkvæðarétt. **Aðrir mættir:** Einn GSA félagi .

1. Deildarfulltrúar – yfirsýn, fundarform og fundarhæfni.

Störf og hlutverk svæðisnefndar rædd. Fundarform skoðað og listi deildarfulltrúa uppfærður. Fundarhæfni einnig rædd. Nefndarmenn koma með tillögur um fundarfærni og fundarform á næsta fund.

2. Gjaldkerastaða – gjaldkerastaða svæðisnefndar.

Ákveðið var að fresta þessum lið til næsta fundar þar sem aðeins 4 atkvæði voru á fundinum og ekki búið að ákveða lágmarksatkvæði svo fundarhæft væri.

3. Kosning í embætti varasvæðisnefndarfulltrúa (alþjóðafulltrúa).

Ákveðið var að fresta þessum lið til næsta fundar þar sem aðeins 4 atkvæði voru á fundinum og ekki búið að ákveða lágmarksatkvæði svo fundarhæft væri.

4. Athuga með leyfi frá heimsráðinu til þýðingar á Gráu síðunni.

Fundarmenn voru sammála um að oddamaður myndi senda tölvupóst til Heimsráðsins varðandi leyfi til að þýða Gráu síðuna á íslensku.

5. Yfirfara og útbúa lista yfir hlutverk oddamanns, ritara og gjaldkera í svæðisnefnd.

Ritari mun fara yfir hlutverkin eins og þau voru hjá Landsþjónustu og kemur með tillögu að hlutverkum embætta í svæðisnefnd á næsta fund.

6. Kosning í vefnefnd.

Einn fundarmanna bauð sig fram í vefnefnd og og verður kosið um það þegar fundarhæft verður á fundi. Heimasíðuumsjón verður áfram á sömu hendi.

7. Dagsetning, tími og staður fyrir næsta fund ákveðinn.

Annar fundur svæðisnefndar verður haldinn 11. júní kl: 17:30-18:30.

Fundi slitið kl. 14:25.